

Gagnastefna

Gagnastefna

Tilgangur gagnastefnu Orkunnar er að tryggja kerfisbundna stýringu gagna innan fyrirtækisins. Með því að setja viðeigandi verklagsreglur og vinnulýsingar er leitast við að tryggja að öll meðferð gagna sé áreiðanleg og að gögn séu ávallt aðgengileg þeim sem hafa til þess leyfi.

Ábyrgð og gildissvið

Gæðastjóri ber ábyrgð á að stefnuskjalið sé rétt á hverjum tíma og stjórnendur að henni sé fylgt. Stefnan gildir fyrir alla meðferð gagna hjá Orkunni og nær til alls starfsfólks. Stefnan nær til allra gagna, án tillits til uppbyggingar eða forms, sem mynduð eru innan fyrirtækisins eða berast að, og eru vitnisburður um starfsemi fyrirtækisins. Stefnan gildir um gögn, myndun þeirra, förgun, stjórnun svo og lýsigögn.

Markmið

- Orkan starfrækir skilvirkt og traust gagnastýringarkerfi sem uppfyllir kröfur fyrirtækisins.
- Starfsfólki er ljóst að þau gögn sem það móttækur, útbýr eða meðhöndlar í starfi sínu hjá Orkunni eru eign fyrirtækisins og skulu meðhöndluð samkvæmt kröfum um vönduð vinnubrögð á sviði gagnastýringar.
- Kerfisbundin stýring gagna er tryggð allan líftíma þeirra það er frá því að þau verða til innan fyrirtækisins eða berast því, og þar til þeim er eytt samkvæmt grisjunaráætlun
- Samræmd stýring gagna er í öllum starfseiningum til að tryggja varðveislu og endurheimt gagna og að staða og eftirfylgni mála sé ljós hverju sinni.
- Starfsfólki er tryggð viðeigandi fræðsla um meðferð gagna.
- Skilvirkni, rekjanleiki og upplýsingastreymi til starfsfólks er bætt til að auka öryggi gagna og greiða fyrir aðgengi að gögnum og upplýsingum.

Forstjóri Orkunnar er ábyrgur fyrir viðhaldi og endurskoðun stefnunnar. Gæðastjóri ber ábyrgð á og tryggir að starfsmenn Orkunnar þekki stefnuna og framfylgi henni.

Samþykkt af stjórn Orkunnar 27. febrúar 2025.